

Sendandi:  
Vélhjólaiþróttaklúbburinn  
b.t. Umhverfisnefnd VÍK  
(Jakob Þór Guðbjartsson)  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík

**Umsögn**  
**um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.**  
Þskj.439 – 395. mál

Vélhjólaiþróttaklúbburinn (VÍK) var stofnaður árið 1978 og hefur lengst af barist fyrir réttindum þeirra sem keppa á vélhjólum. Undanfarin ár hafa vinsældir vélhjólsins til ferðalaga og útivistar stóraukist, sem orðið hefur til þess að umhverfis-, fræðslu- og skipulagsmál eru farin að vega þungt í starfssemi klúbbsins. Með því að senda inn þessa umsögn vill VÍK undirstrika þá staðreynd að útivera og ferðalög eru stunduð á vélhjólum á því landssvæði sem Vatnajökulspjóðgarður mun ná til. VÍK styður þær aðgerðir sem kvetja ferðamenn til betri umgengni við landið, hvort sem það er gert með stofnun þjóðgarða, endurskoðun ríkjandi skipulags eða fræðslu, svo framarlega sem tekið sé tillit til allra þeirra sem nýta landið til ferðalaga og útivistar.

Meginbreytingarnar sem VÍK gerir á þessu frumvarpi snúa að uppbyggingu stjórnar þjóðgarðsins og svæðaráða, umferð í þjóðgarðinum, kærurétt og gjaldtöku.

Vélhjólaiþróttaklúbburinn er leiðandi afl í hagsmunabaráttu vélhjólafólks. Klúbburinn á aðild að Sambandi útivistarfélaga (SAMÚT), Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR), Mótorhjóla- og snjósleðasambandi Íslands (MSÍ), og Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ).

**Tillögur um lagabreytingar**

Viðbætur við greinar frumvarpsins eru sýndar með feitletruðum texta og útstrikanir hafa verið þurrkaðar út.

4. gr.

*Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs.*

Vatnajökulspjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Í stjórn skulu sitja: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum, **einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum** og tveir fulltúar skipaðir af ráðherra án tilnefningar, þ.e. formaður og varaformaður, eða **átta** fulltrúar alls. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs skal skipuð til fjögurra ára í senn.

7. gr.

*Rekstrarsvæði.*

Vatnajökulspjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Á hverju rekstrarsvæði skal starfa svæðisráð skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Mörk rekstrarsvæða skulu tilgreind í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð.

Í svæðisráði skulu sitja þrjú fulltrúar tilnefndir af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem eru á viðkomandi rekstrarsvæði, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum, **einn fulltrúi tilnefndur af útivistarsamtökum** og einn tilnefndur sameiginlega af ferðamálasamtökum á viðkomandi svæði. Svæðisráð kys sér formann og varaformann.

Þjóðgarðsvörður situr fundi svæðisráðs.

15. gr.

*Umferð í þjóðgarðinum.*

Akstur vélknúinna ökutækja utan vega í Vatnajökulspjóðgarði er bannaður. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum. Í **verndaráætlun fyrir Vatnajökulspjóðgarð** skal gerð sérstök grein fyrir öllum vegum sem heimilt er að aka innan þjóðgarðsins. Heimilt er að takmarka umferð á einstökum vegum, slóðum eða svæðum við tiltekinn tíma ársins eða binda hana við tiltekna notkun, svo sem vegna **frístundaraksturs**, veiða, smölunar búfjár eða annarra landbúnaðarstarfa eða vegna rannsókna, ef það er talið nauðsynlegt vegna verndunar viðkomandi landsvæðis.

Liggi landsvæði undir skemmdum og talið er nauðsynlegt að grípa til tafarlausra aðgerða getur viðkomandi þjóðgarðsvörður tekið ákvörðun um tímabundna lokun afmarkaðs svæðis fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Ákvörðun þjóðgarðsvarðar um tímabundna lokun svæðis skal birt í B-deild Stjórnartíðinda og með öðrum áberandi hætti í dagblöðum og á vefsíðu þjóðgarðsins.

Ákvæði þessara laga um akstur utan vega í Vatnajökulspjóðgarði ganga frammar ákvæðum náttúruverndarlaga um sama efni og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim.

19. gr.

*Ágreiningur um framkvæmd laganna.*

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara eru kærانlegar til umhverfisráðherra. Úrskurður ráðherra er endanlegur úrskurður á stjórnarsýslustigi.

Kæru rétt samkvæmt þessari grein eiga þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun-~~og~~, umhverfisverndarsamtök og **félagsskapur útivistarfólks** sem varnarþing eiga á Íslandi, enda séu félagsmenn samtakanna 30 eða fleiri og það samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærان lýtur að. Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhald. **Með félagsskap útivistarfólks er átt við samtök, félög og klúbba sem hafa útivist og ferðalög að meginmarkmiði. Þau skulu vera opin fyrir almennri aðild.**

21. gr.

*Gjaldtaka.*

Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum. Fjárhæð gjaldsins skal birt í reglugerð og byggjast á rekstraráætlun þjóðgarðsins alls sem stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leggur fyrir umhverfisráðherra til samþykktar. Heimilt er þó að innheimta sérstaklega fyrir aðgang að tjaldstæðum innan þjóðgarðsins. Heimilt er að veita afslátt af gjaldinu ef greitt er fyrir lengri tíma í senn eða ef greitt er fyrir marga aðila í einu. Gestagjöld skulu renna til Vatnajökulspjóðgarðs óháð því á hvaða rekstrarsvæði þau eru innheimt. Ráðherra ákveður nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð að fengnum tillögum stjórnar þjóðgarðsins.

## Athugasemdir við einstakar breytingar.

### Um 4. gr.

Fordæmi er fyrir því að fulltrúi útivistarsamtaka taki þátt í skipulagsvinnu á vegum ríkisins, má þar nefna Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands, en þar hafa Samtök útivistarfélaga (SAMÚT) átt fulltrúa um nokkurt skeið. Innan SAMÚT eru 16 aðildarfélög sem öll hafa útiveru og ferðalög á stefnuskrá sinni, hvort sem ferðast er um gangandi, akandi, siglandi eða ríðandi.

### Um 15. gr.

Um umferð gangandi vegfarenda, ríðandi eða hjólandi manna og um umferð vélknúinna ökutækja er fjallað í Umferðarlögum nr. 50, lögum um náttúruvernd nr. 44 og reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands (528/2005). Lagt er til að þau lög og reglugerðir sem þegar eru til séu notaðar innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Um umferð er einnig fjallað í 12. gr. frumvarpsins, en þar segir að verndaráætlun skuli gera grein fyrir vegum, reiðstígum, göngubrúm og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings og aðgangi ferðamanna um svæðið. Breyting á 3.mgr. 15.gr., þar sem “verndaráætlun” er sett í staðinn fyrir “reglugerð”, tekur mið af þessum athugasemdum.

Í 2mgr. er vegið að ferðafrelsi þeirra sem ferðast á veturnum með því að skilgreina ákveðnar vetrarleiðir og þannig takmarka akstur. Akstur vélhjóna að vetri hefur aukist verulega undanfarin ár og á aðeins eftir að aukast meira. Aksturinn er mun háðari snjóalögum og veðurfarsaðstæðum en akstur jeppa og því gæti þarna verið um verulega takmörkun að ræða ef aðstæðum væri þannig háttáð.

Í 3.mgr. hefur verið bætt við hugtakinu “frístundarakstur”, en þar er átt við akstur ferðafólks á hvers konar vélknúnum farartækum, jeppum, vélhjólum o.fl. Hugtakið hefur ekki verið mikið notað á Íslandi, en á sér samsvörun í t.d. frístundabyggð. Farartæki sem stunda frístundaakstur geta jafnt verið gerð fyrir miklar torfærur sem og litlar. Hvað vélhjól snertir eru torfærar slóðir teknar fram yfir þær sem auðveldari eru. Vélhjólaklúbburinn leggur áherslu á að notkun vélhjóna á hálandi Íslands hafi aukist mikið undanfarin ár, og því verði að taka tillit til umferðar þeirra þegar notkun einstakra vega, slóða eða svæða er takmörkuð.

### Um 19. gr.

Notendur Vatnajökulsþjóðgarðs, þ.e. fólkið sem nýtur útiveru á svæðinu, munu ekki geta sætt sig við að fá ekki tækifæri til að kæra þær ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga þessara, enda getur verið um að ræða skerðingu á almennarétti til útivistar og ferðalaga. Bætt hefur verið inn í frumvarpið “og félagsskap útivistarfólks”, og er þá átt við þau félög, klúbba og samtök sem hafa á stefnuskrá sinni útivist og ferðamennsku.

### Um 21. gr.

Gjaldtaka sú sem hér er lögð til getur ekki talist samrýmast 2.gr. þessara laga um markmið verndunarinnar, en þar kemur fram að auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum. Eðlilegt er að þjónusta skuli gjaldskyld, sem og notkun tjaldsvæða o.fl., en að taka gjald fyrir afnot af vegum og einstaka svæðum er algjörlega ný hugsun í náttúruvernd á Íslandi.